

tækjum er hætt, þegar fyrsti hitaspretturinn er búinn. Unitörum er hætt, þrátt fyrir allan blástur. Eg veit ekki hvort það þarf meira en drepa hendi við unitarismus meðal landa, svo hann falli, og þá dregur hann niður með sér allar hinar gullnu vonir þeirra, sem mest hafa fyrir máletninu barist, alla þeirra þrá og löngun eftir meiri andans göfgi, þá *slokkna allir* þeir neistar, sem vér ætluðum að lifga með elskuna til sannleikans, þá slokkna ljósin öll, sem vér ætluðum að lýsa með sjálfum oss og vinum vorum, sem vér á endanum ætluðum að láta loga fyrir öllum löndum vorum, þá verður dimmt fyrir augum vorum, en unitarismus liggur sem hálfrotið *lira* fyrir fótum vorum, og kyrkjan sparkar í það og hlær, og landinn sparkar í það og hlær og sjálfir vér troðum það fótum vorum og spörkum engu minna en aðrir, og það er vort eigið afkvæmi, sem þessi hörmung hefir yfir komið.

Það er vonleysi, sem oss baggar, bæði mér og öðrum, vér sjáum svo lítið ljós í kringum oss. Vér vitum að vér eigum að lyfta oss upp í hæðirnar, því að göfgi andans myndast æfinlega við það, að hafa háar hugsjónir, hreinar og elskulegar. Hinn göfugi maður horfir einlægt upp á við, hann reynir að búa sér einlægt til fegurri og fegurri fyrirmynd, sem hann eigi að ná, hann reynir einlægt að kasta meira og meira burtu frá sér öllu því, sem dregur hann niður, öllu hinu lága og óhreina, allri hræsninni, fláttskapnum, óhreinleikanum og tvöfeldninni, hann reynir að leita sannleikans betur og betur, hann reynir að gjöra hugsjónir sínar með hverjum deginum fegurri og fegurri, hann reynir að gjöra líf sitt elskulegra og elskulegra, og hann reynir að láta aðra sjá þessar hinar fögru, hreinu og elskulegu sjónir sínar. Jafnframt og honum lukkast þetta, verður þráin hjá honum sterkari og sterkari eftir meira ljósi, eftir meiri andans fegurð og hreinleika, eftir ennþá elskulegri fyrirmynd, hann er einlægt á ferð upp á hæðir andlegrar göfgi. Honum finnst hann einlægt vera kominn svo stuft, hann vill komast hærra og hærra. Stundum heldur hann, að hann sé kominn upp undir brúnina, og hann herðir sig alt hvað hann getur, en þegar þangað kemur, þá sér hann að þetta er þá hóll einn í miðri hlífðinni, brúnina